

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/2213****2022/EES/38/11****frá 20. desember 2019**

um hagnýtt og rekstrarlegt fyrirkomulag að því er varðar starfsemi rafræna gagnagrunnsins sem komið er á fót samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2394 með tilliti til tiltekinna samskipta samkvæmt þeirri reglugerð (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2394 frá 12. desember 2017 um samvinnu milli landsyfirvalda sem bera ábyrgð á að framfylgja lögum um neytendavernd og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2006/2004 ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 35. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2017/2394 er mælt fyrir um ákvæði um samstarf milli lögbærra yfirvalda sem aðildarríki hafa tilnefnt sem ábyrgðaraðila fyrir framfylgd laga Sambandsins til verndar hagsmunum neytenda. Ákvæðið sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð felur í sér ákvæði um gagnkvæmt aðstoðarkerfi, ákvæði um samræmingaraðgerðir og ákvæði um útgáfu viðvarana ef um hugsanlegt brot á þeim lögum er að ræða. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa einnig rétt til að veita öðrum aðilum valdheimildir til að gefa út viðvaranir (sem þá er vísað í sem „utanaðkomandi viðvaranir“).
- 2) Í 35. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394 er þess krafist að framkvæmdastjórnin komi á fót og haldi úti rafrænum gagnagrunni fyrir öll samskipti milli lögbærra yfirvalda, miðlægra tengiskrifstofa og framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt þeirri reglugerð. Lögbæru yfirvöldin, miðlægu tengiskrifstofurnar og framkvæmdastjórnin skulu hafa beinan aðgang að gagnagrunninum. Í 35. gr. þeirrar reglugerðar er þess einnig krafist að upplýsingar sem aðilar, sem gefa út utanaðkomandi viðvaranir, hafa veitt séu geymdar og unnar í þeim sama gagnagrunni en slíkir aðilar eiga ekki að hafa aðgang að gagnagrunninum. Enn fremur þyrfti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, ef henni er boðið að gerast áheyrnarfulltrúi skv. 3. mgr. 23. gr. þeirrar reglugerðar, að geta farið inn í rafræna gagnagrunninn í þeim takmarkaða tilgangi til að geta fylgst með viðeigandi samskiptum.
- 3) Margmála upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn („IM-upplýsingakerfið“), sem komið er á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 ⁽²⁾, gæti verið gagnlegt tól við framkvæmd ákvæða um samvinnu á sviði stjórnsýslu sem sett eru fram í 11.–23. gr. (gagnkvæmt aðstoðarkerfi og samræmingaraðgerðir) og í 26., 27. og 28. gr. (viðvaranir, utanaðkomandi viðvaranir og skipti á öðrum upplýsingum sem skipta máli til að koma upp um brot) reglugerðar (ESB) 2017/2394. Til samræmis við það var framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2212 ⁽³⁾ samþykkt til að gera þessi ákvæði um samvinnu á sviði stjórnsýslu að viðfangi tilraunaverkefnis skv. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012. Því er viðeigandi að tilgreina IM-upplýsingakerfið sem það kerfi sem skal nota sem rafrænan gagnagrunn fyrir samskipti sem verða til samkvæmt þessum ákvæðum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 332, 23.12.2019, bls. 163. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2021 frá 19. mars 2021 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 345, 27.12.2017, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 frá 25. október 2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 1).

⁽³⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2212 frá 20. desember 2019 um tilraunaverkefni til að koma til framkvæmda ákvæðum um samvinnu á sviði stjórnsýslu, sem sett eru fram í reglugerð (ESB) 2017/2394 um samvinnu milli yfirvalda sem bera ábyrgð á að framfylgja lögum um neytendavernd, með því að nota upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn (Stjtið. ESB L 332, 23.12.2019, bls. 159).

- 4) Ekki ætti að nota IM-upplýsingakerfið fyrir önnur samskipti milli lögbærra yfirvalda, miðlægra tengiskrifstofa og framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/2394 (t.d. ætti ekki að nota það fyrir samskipti sem tengjast efni rannsóknar eða samhæfðum rannsóknum (e. „sweeps“) skv. 29. gr. þeirrar reglugerðar) þar sem öll önnur samskipti geta verið skilvirkari með öðrum tæknilegum leiðum.
- 5) Í því skyni að draga úr stjórnsýsluálagi og forðast ónauðsynlega tvítekingu ætti skráning á lögbærum yfirvöldum aðildarríkis, miðlægru tengiskrifstofu þess og aðila innan þess, sem gefur út utanaðkomandi viðvaranir, í IM-upplýsingakerfið að teljast orðsending frá því aðildarríki til framkvæmdastjórnarinnar um þær upplýsingar sem því ber að senda skv. a- og b-lið 1. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar. Þetta hefur ekki áhrif á þá skyldu aðildarríkjanna að senda framkvæmdastjórninni auðkenni og samskiptaupplýsingar tilnefndra aðila þeirra eða síðari breytingar á þeim upplýsingum.
- 6) Ákvæði 34. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394 heimila lögbærum yfirvöldum að nota sem sönnunargögn hvers konar upplýsingar, skjöl, niðurstöður, yfirlýsingar, staðfest eintök eða vitneskju sem miðlað er til þeirra samkvæmt þeirri reglugerð, á sama hátt og svipuð skjöl fengin í þeirra eigin aðildarríki. Í þeim tilgangi ættu lögbær yfirvöld, miðlægar tengiskrifstofur og framkvæmdastjórnin að geta fengið sjálfkrafa stafrænt vottaða samantekt yfir samskipti sem þau varða úr rafræna gagnagrunninum.
- 7) Í 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394 er þess krafist að beiðnir um gagnkvæma aðstoð skuli sendar til miðlægrar tengiskrifstofu aðildarríkis sem ber síðan ábyrgð á því að miðla beiðninni áfram til viðeigandi lögbærs yfirvalds innan þess aðildarríkis. Ekki eru til staðar neinar slíkar samræmingarreglur varðandi viðvaranir og aðrar upplýsingar sem sendar eru skv. 26., 27. og 28. gr. þeirrar reglugerðar. Því ætti að krefjast þess að aðildarríkin úthluti, í því skyni að tryggja að viðvaranir og aðrar upplýsingar sem eru sendar samkvæmt þessum greinum séu einungis gerðar aðgengilegar þeim lögbæru yfirvöldum innan aðildarríkis sem viðkomandi brot varðar eða gæti varðað, annaðhvort til sinnar eigin miðlægu tengiskrifstofu eða til a.m.k. eins af lögbærum yfirvöldum sínum því verkefni að taka á móti aðsendum orðsendingum sem eru sendar samkvæmt þessum greinum og að deila þeim svo út til viðeigandi lögbærra yfirvalda innan þess aðildarríkis. Ekki er nauðsynlegt að fella aðsendar orðsendingar sem eru sendar skv. 15.–23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394 undir þetta verkefni þar sem samræmingaraðgerðir eru hvort eð er aðeins settar í gang á grundvelli viðvarana sem eru gefnar út skv. 26. gr. þeirrar reglugerðar.
- 8) Í ákvæðum 33. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394 er mælt fyrir um reglur varðandi notkun og birtingu upplýsinga sem eru sendar við beitingu þeirrar reglugerðar og varðandi þagnarskyldu og viðskiptaleynd. Í rafræna gagnagrunninum ætti að vera virkni sem gerir lögbærum yfirvöldum, miðlægum tengiskrifstofum, aðilum sem gefa út utanaðkomandi viðvaranir og framkvæmdastjórninni kleift að tilgreina hvort birta megi upplýsingar sem þeir hafa veitt skv. 3. mgr. þeirrar greinar án þess að þörf sé á frekara samráði.
- 9) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 1. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Rafrænn gagnagrunnur

1. Með tilliti til orðsendinga skv. 11.–23., 26., 27. og 28. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394 skal rafræna gagnagrunninum, sem koma skal á fót og halda úti skv. 35. gr. þeirrar reglugerðar („rafræni gagnagrunnurinn“), miðlað í gegnum upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn („IM-upplýsingakerfið“) í samræmi við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/2212.
2. Skráning á lögbærum yfirvöldum aðildarríkja, miðlægum tengiskrifstofum þeirra og aðilum, sem gefa út utanaðkomandi viðvaranir skv. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394, í IM-upplýsingakerfið, ásamt uppfærslum þessara skráninga til að endurspeglar hvers kyns mikilvægar breytingar, skulu teljast orðsending frá því aðildarríki til framkvæmdastjórnarinnar um þær upplýsingar sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar með tilliti til þessara yfirvalda, miðlægra tengiskrifstofa og aðila.

3. Í rafræna gagnagrunninum skal vera nauðsynleg virkni til að gera lögbærum yfirvöldum, miðlægum tengiskrifstofum og framkvæmdastjórninni kleift, að því er varðar 34. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394, að nálgast stafrænt vottaða samantekt yfir samskiptin sem falla innan 1. mgr. þessarar greinar og þau varða.

2. gr.

Samræming aðsendra orðsendinga sem sendar eru skv. 26., 27. og 28. gr.

Sérhvert aðildarríki skal úthluta, annaðhvort til miðlægu tengiskrifstofunnar sinnar eða til eins af lögbærum yfirvöldum sínum, því verkefni að taka á móti aðsendum orðsendingum sem eru sendar skv. 26., 27. eða 28. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394 og deila þeim síðan út án tafar til viðeigandi lögbærra yfirvalda innan þess aðildarríkis sem viðkomandi brot varðar eða gæti varðað.

3. gr.

Upplýsingagjöf

Í rafræna gagnagrunninum skal vera virkni sem gerir lögbærum yfirvöldum aðildarríkja, miðlægum tengiskrifstofum þeirra, framkvæmdastjórninni og aðilum, sem gefa út utanaðkomandi viðvaranir skv. 1. eða 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (EBS) 2017/2394, kleift að tilgreina hvort birta megi upplýsingar, sem þeir hafa veitt í gegnum rafræna gagnagrunninn, í þeim tilgangi sem leyft er í a- og b-lið 3. mgr. 33. gr. þeirrar reglugerðar, án þess að þörf sé á frekara samráði við þá samkvæmt þeirri grein.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 17. janúar 2020.

Gjört í Brussel 20. desember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
